LANDSPÍTALI

Hjúkrunarfræðingur
Sjúkrahústengd heimaþjónusta

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa hjá sjúkrahústengdri heimaþjónustu Landspítala. Deildin sinnir sjúklingum sem þurfa áframhaldandi sérhæfða meðferð heima eftir útskrift. Hjúkrunarfræðingar deildarinnar fara í vitjanir heim til sjúklinga þar sem þeir veita sérhæfa meðferð s.s. lyfjagjafir, sáraméferðir, ráðgjöf og stuðning. Deildin er starfrækt alla daga vikunnar frá morgni til kvölds. Við óskum eftir hjúkrunarfræðingi sem hefur góða reynslu og samskiptahæfileika. Hjá okkur starfar samhentur hópur hjúkrunarfræðinga.

Umsóknir berist fyrir 13. október 2008 til Dagbjartar Þyri Þorvarðardóttur, deildarstjóra E-2 Fossvogi, netfang dthyri@landspitali.is og veitir hún upplýsingar í síma 543 3297.

Hjúkrunarfræðingar
Hjúkrunarsveit Landspítala

Við auglýsum eftir hjúkrunarfræðingum í hjúkrunarsveit Landspítala. Hjúkrunarfræðingar hjúkrunarsveitar starfa á hinum ýmsu deildum spítalans bæði á einstökum vöktum og vegna tímabundinna verkefna. Vinnuhlutfall getur verið breytilegt og vinnutími sveigjanlegur. Boðið er upp sérskipulagðan þjálfunartíma á bráðadeildum spítalans í upphafi starfs.
Umsækjendur skulu hafa a.m.k. 3ja ára starfsreynslu í hjúkrun.
Við leitum að framsæknum hjúkrunarfræðingum sem eru tilbúnir að koma og vinna á nýjum vettvangi þar sem krafist er sjálfstæðra vinnubragða, haldgóðrar þekkingar í hjúkrun og góðra samskiptahæfileika.

Umsóknir berist fyrir 13. október 2008 til Dagbjartar Þyri Þorvarðardóttur, deildarstjóra E-2 Fossvogi, netfang dthyri@landspitali.is og veitir hún upplýsingar í síma 543 3297.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu mannauðsmála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Reykjavíkurborg
Velferðasvið

Miðgarður, Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness leitar að

Deildarstjóri
Metnaðarfullur einstaklingur óskast í starf deildarstjóra nýs búsetukjarna fyrir geðfatlaða í Grafarvogi, þar sem munu búa 6 einstaklingar. Um er að ræða fullt starf sem er fjölbreytt og reynir á frumkvæði.

Helstu verkefni:
- Stuðningur við íbúa
- Samskipti við ættingja
- Umsjón með innkaupum
- Þátttaka í mótun innri sem ytri starfsemi

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af starfi með geðfötluðum
- Þekking og áhugi á málefnum geðfatlaðra
- Skipulagshæfileikar
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

Framtakssamt starfsfólk í vaktavinnu
Leitum eftir jákvæðu og drífandi starfsfólki í vaktavinnu á dag- og kvöldvaktir og svo næturvaktir eingöngu í búsetukjarna fyrir geðfatlaða í Grafarvogi.

Helstu verkefni:
- Samvera og félagslegur stuðningur við íbúa
- Aðstoða íbúa við daglegar athafnir
- Þátttaka í sköpun og þróun nýrra tækifæra fyrir íbúa

Menntunar og hæfniskröfur:
- Félagsliðanám, stuðningsfulltrúanám eða háskólanám sem nýtist í starfi æskilegt en ekki krafa
- Reynsla af því að vinna með fólki
- Áhugi á málefnum geðfatlaðra
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Matráður
Hagsýnn einstaklingur óskast í 50% starf til að taka að sér matseld í hádeginu alla virka daga í búsetukjarna fyrir geðfatlaða í Grafarvogi.

Helstu verkefni:
- Matseld og bakstur fyrir 6-10 manns
- Gerð matseðla í samráði við íbúa og deildarstjóra
- Virkja áhuga íbúa á matseld

Hæfniskröfur:
- Viðkomandi þarf að geta reitt fram hollan og góðan heimilismat
- Vera meðvitaður um hollustu í matargerð
- Hafa reynslu af og brennandi áhuga á matreiðslu
- Hafa áhuga á málefnum geðfatlaðra

Viljir þú taka þátt í uppbyggingu nýs búsetuúrræðis og vera með í að skapa og móta vinnuumhverfi þitt, hvetjum við þig til að sækja um, karla jafnt sem konur.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar viðkomandi stéttarfélags

Aldurstakmark umsækjenda er 20 ár. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir: Eva Dögg Júlíusdóttir, forstöðukona, í síma 411-1400, netfang: eva.dogg.juliusdottir@reykjavik.is

Umsóknum skal skilað ásamt ferilskrá rafrænt á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf **fyrir 12. október nk.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Bara gaman í vinnunni!

Við stækkum hratt og ætlum því að bæta við okkur fólki í fullt starf. Leitum að fólki sem vill að það sé gaman í vinnunni, er metnaðargjarnt og vill ná árangri í starfi. Hjá Nova starfa í dag um 80 manns og viðskiptavinir fyrirtækisins eru rúmlega 20.000 talsins.

Breiddu út boðskapinn!

Sölu- og þjónusturáðgjafar

Störfin felast í þjónustu, sölu og upplýsingagjöf til viðskiptavina Nova.Verslanir Nova eru í Lágmúla, Kringlunni og Smáralind og þjónustuverið er í Lágmúla 9.

Tæknilega séð erum við að leita að þér!

Tæknifulltrúi

Sér um annars stigs tæknihjálp. Greinir og leysir úr ýmsum þjónustumálum.
Tæknifulltrúi er milliliður þjónustuvers og tæknisviðs. Tæknileg innsýn og áhugi nauðsynlegur.

Hæfniskröfur

Við leitum að hressu starfsfólki með ríka þjónustulund. Góð tölvukunnátta og lipurð í mannlegum samskiptum er nauðsynleg. Umsækjendur þurfa að hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun. Nám á háskólastigi kostur. Viðkomendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Sækið um fyrir 6. okt!

capacent RÁÐNINGAR

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

DAGUR & STEINI

VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR
REIKNINGSHALDI

Landsvirkjun

Landsvirkjun er orkufyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum. Fyrirtækið stefnir að því að verða öflugt á alþjóðavettvangi og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun er helsti raforkuframleiðandi á Íslandi og í forystu fyrir byggingu orkuvera sem hafa verið meðal stærstu framkvæmda á landinu. Fyrirtækið styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála og rekur umfangsmikla fjármálastarfsemi á alþjóðamarkaði. Hjá Landsvirkjun og dóttur-félögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Landsvirkjun vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Landsvirkjun óskar eftir að ráða starfsmann í reikningshald fyrirtækisins. Reikningshald heyrir undir fjármálasvið Landsvirkjunar og annast allt bókhald og fjárhagslega upplýsingavinnslu innan fyrirtækisins sem og ráðgjöf á þessum sviðum.

Starfssvið
- Vinna við bókhald og afstemmingar
- Aðstoð við uppgjör félaga innan samstæðu Landsvirkjunar
- Önnur tilfallandi bókhaldsverkefni

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði skilyrði
- A.m.k. 3ja ára starfsreynsla æskileg
- Góð íslenskukunnátta og færni í ensku
- Haldgóð tölvukunnátta. Þekking á Axapta og Cognos er kostur
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

TEITUR

Bifreiðastjórar
Hópbifreiðaréttindi

Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra bifreiðastjóra til starfa sem fyrst. Um er að ræða bæði 100% störf og hlutastörf sem henta bæði konum og körlum.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Tryggvi í síma 515-2700 á skrifstofutíma.

TEITUR

Þrif, frágangur og akstur

Vegna aukinna verkefna okkar vantar konu eða karl (með réttindi til aksturs hópferðabíla) til starfa sem fyrst við þrif og frágang á strætisvögnum og hópbílum
Vinnutími frá 00:00 til 08:00

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Tryggvi í síma 515-2700 á skrifstofutíma.

BARNAFATAVERSLUN
STARFSMAÐUR Í AFGREIÐSLU

óskast í ítalska sérverslun. Vinnutími 13 - 18 og einn laugardag í mánuði. Um er að ræða mjög áhugavert líflegt og skemmtilegt starf.

Hæfniskröfur:
Reynsla af verslunarstörfum kostur en ekki skilyrði.
Reyklaus og með þægilega framkomu.
Snyrtileg, skipulögð og vera sjálfstæð í vinnubrögðum.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir á iana@simnet.is

Rafvirki - Rafveituvirki!

Orkubú Vestfjarða óskar eftir að ráða kraftmikinn rafvirkja/rafveituvirkja til fjölbreyttra starfa á Ísafirði. Ef þú vilt starfa hjá traustu og framsýnu fyrirtæki og búa í návígi við ægifagra náttúru er þetta tækifærið þitt!

Orkubúið sinnir alhliða orkuvinnslu á Vestfjörðum ásamt dreifingu orkunnar til kaupenda hennar. Starfsmenn eru um 60 talsins og er hópurinn samheldinn og metnaður mikill. Höfuðstöðvar Orkubúsins eru á Ísafirði.

Ísafjarðarbær er meðalstórt bæjarfélag með um 4000 íbúa. Þar er fjölbreytt mannlíf, öflugt íþrótta- og menningarstarf og fjölskylduvænt umhverfi. Mjög góðir skólar á öllum stigum eru í bænum. Ævintýri og náttúran allt í kring!

Starfssvið:
- Almennar nýframkvæmdir og viðhald á rafbúnaði dreifi- aðveitu- og kyndistöðva
- Uppsetning og viðhald iðntölvustýringa í aðveitu- og kyndistöðvum
- Uppsetning og viðhald á há- og lágspennubúnaði
- Reglubundið eftirlit með fjölbreyttum stýribúnaði veitunnar
- Tilfallandi rafveitustörf

Hæfniskröfur:
- Sveinspróf í rafvirkjun eða rafveituvirkjun
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Geta til að starfa í hópi

TALENT RÁÐNINGAR

| Vitastíg 13 | 101 Reykjavík | talent@talent.is | Sími 552-1600 |

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 13. október 2008 og eru umsækjendur vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

Klæðning ehf.
www.klaedning.is

Í rúm tuttugu ár hefur Klæðning ehf. verið leiðandi fyrirtæki á sviði jarðvinnsluiðnaðar á Íslandi. Fyrirtækið er verktakafyrirtæki sem sérhæfir sig í margvíslegri jarðvinnu, svo sem yfirborðsfrágangi, gatnagerð, lögnum, vegklæðningum og fleiru. Sérstaða Klæðingar ehf. byggir á framúrskarandi þjónustu og þar hefur frá upphafi verið lögð höfuðáhersla á fagmennsku og góð afköst.

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Klæðning ehf. óskar eftir að ráða kraftmikinn aðila í starf framkvæmdastjóra.

Starfssvið
- Stjórnun fyrirtækisins í samræmi við stefnu og markmið
- Ábyrgð á daglegum rekstri
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Starfsmannamál
- Tilboðs- og samningagerð
- Samskipti við hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði
- Haldgóð reynsla af stjórnun og rekstri
- Góð þekking og reynsla af verktakastarfsemi
- Þekking á stefnumótun og áætlanagerð
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Framúrskarandi samskiptahæfni

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

RARIK lifandi afl

RARIK ohf. er orkufyrirtæki í opinberri eigu með meginstarfsemi í raforkudreifingu og er einnig í dreifingu og sölu á heitu vatni. RARIK er með starfsstöðvar vítt og breitt um landið.

DEILDARSTJÓRI FRAMKVÆMDASVIÐS
AUSTURLANDI

RARIK óskar eftir að ráða deildarstjóra framkvæmdasviðs á starfsstöð fyrirtækisins á Egilsstöðum.

Starfssvið
- Umsjón og eftirlit með starfsemi vinnuflokka RARIK á Austurlandi
- Ábyrgð á verkefnum deildarinnar
- Úthlutun verkbeiðna og eftirfylgni með þeim
- Þátttaka í uppgjöri verka
- Ábyrgð og eftirlit með útgjöldum og tekjum deildarinnar
- Þátttaka í svæðisráði

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði eða önnur tæknimenntun sem nýtist í starfið
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Góð almenn tölvu- og tungumálakunnátta
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

STAÐLARÁÐ ÍSLANDS ÍSLENSKIR STAÐLAR

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um staðla og Staðlaráð Íslands, nr. 36/2003. Staðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlum og stöðlun. Jafnframt sér Staðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum. Staðlaráð er fulltrúi Íslands í alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO og IEC, evrópsku staðlasamtökunum CEN, CENELEC og ETSI, og þátttakandi í norrænu stöðlunarsamstarfi INSTA.

VERKEFNASTJÓRI

Staðlaráð óskar eftir að ráða verkefnastjóra til starfa sem fyrst.

Starfssvið
- Umsjón með faglegri vinnu varðandi stöðlun á sviði bygginga og mannvirkjagerðar og kynningu á því starfi
- Umsjón með faglegri vinnu varðandi stöðlun á sviði gæða- og umhverfisstjórnunar og kynningu á því starfi
- Ritari Byggingarstaðlaráðs og Fagstjórnar um stöðlun í gæðamálum
- Önnur stöðlunarverkefni skv. ákvörðun yfirmanns

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í byggingarverkfræði
- Starfsreynsla í byggingariðnaði æskileg
- Reynsla af gæðastjórnun og notkun staðla
- Góð íslensku- og enskukunnátta, önnur tungumál kostur, hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. (LS) er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki.
Meginhlutverk LS er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. LS er opinbert hlutafélag í eigu 78 íslenskra sveitarfélaga. Útlánasafn sjóðsins er 45 milljarðar kr. og eigið fé 11 milljarðar.

Sjá nánar á www.lanasjodur.is

SÉRFRÆÐINGUR

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. auglýsir eftir sérfræðingi á sviði fjármála og reksturs.

Starfssvið
- Mat á lánsumsóknum
- Bókhald og uppgjör
- Ýmis greiningarvinna
- Upplýsingagjöf til eftirlitsaðila
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf og/eða reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af fjármálastjórnun eða af störfum á fjármálamörkuðum
- Reynsla og/eða þekking á útlánastarfsemi
- Góð þekking á greiningu ársreikninga
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með ráðningunni hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 9. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Er forritun þitt mál?

Domino's Pizza óskar eftir umsóknum í stöðu tæknistjóra

Hæfniskröfur: Umsækjandi þarf að hafa gott vald á forritun í Windows og Linux, einnig er grunnþekking á forritun í PHP, Ruby og Pearl nauðsynleg. Þekking á símakerfum og netkerfum. Góð enskukunnátta.

Umsóknir sendist á ingibjorg@dominos.is fyrir 3. október. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri, Ingibjörg Gunnarsdóttir í síma 585 0800.

Domino's Pizza

58·12345
dominos.is

HEIMILISAÐSTOÐ

Útivinnandi hjón með 3 börn á aldrinum, 3ja ára, 4 ára og 9 ára, óska eftir heimilishjálp aðallega til að aðstoða með börnin. Vinnutími alla eða flesta virka daga frá kl. 14.00-18.00 auk aðstoðar vegna veikinda eftir þörfum. "Amman" myndi taka á móti elsta barninu úr skóla og sækja yngri börnin á leikskóla sem er í nágrenni við heimilið.

Svör sendist á box@frett.is merkt "HEIMILISAÐSTOÐ123", eða hringið í farsíma 896 2266.

SÖLUFULLTRÚAR ÓSKAST

Fasteignasalan RE/MAX Bær, Malarhöfða 2, óskar eftir að ráða vana sölufulltrúa strax. Í boði er skemmtilegur vinnustaður og frábær aðstaða. Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð. Góð laun fyrir duglega einstaklinga. Með allar umsóknir verður farið sem trúnaðarmál.

Vinsamlegast sendið umsókn
með uppl. um menntun og fyrri störf
á tse@remax.is fyrir 10. okt. n.k.

Heilsuhúsið Skólavörðustíg

Hefur þú áhuga á heilsu- og heilsuvörum?
Við leitum að drífandi og metnaðarfullum starfsmanni í Heilsuhúsið á Skólavörðustíg.

Hæfniskröfur:
- Áhugi og góð þekking á heilsu og heilsuvörum
- Góðir söluhæfileikar og rík þjónustulund
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði
- Reynsla af verslunar- og þjónustustörfum er æskileg.

Um er að ræða 50-100% starf á breytilegum vinnutíma og annan hvern laugardag. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Umsóknarfrestur er til 8. október 2008. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Steinunn Hafsteinsdóttir, verslunarstjóri Heilsuhúsanna, í síma: 693 2244. Umsóknum skal skilað á netfangið: steinunn@heilsuhusid.is

náttúrulega heilsuhúsið
Skólavörðustíg • Kringlunni • Smáratorgi • Selfossi • Lágmúla • Akureyri

ÍSLENSKA SÍA.IS/LVF 43791 09/08

Byggingaverkamenn

ÍAV

Byggingaverkamenn vantar til starfa á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar veitir Eiríka Ásgrímsdóttir í síma 530-4200.

Sækja skal um á vefsíðu ÍAV www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

Spennandi tækifæri fyrir endurskoðendur og viðskiptafræðinga

Áhugaverð störf í alþjóðlegu umhverfi!

Vegna aukinna umsvifa viljum við stækka okkar góða starfsmannahóp enn frekar bæði á **Akureyri** og í **Reykjavík**. Við óskum að ráða löggilta endurskoðendur eða viðskiptafræðinga af endurskoðunarsviði til fjölbreyttra starfa. Þetta er tækifæri til að starfa í krefjandi og spennandi umhverfi íslensks og alþjóðlegs viðskiptalífs, með þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi og möguleikum á hluta starfstímans ytra.

Hvaða kröfur gerum við?
Við sækjumst eftir krafmiklu samstarfsfólki, sem langar til að takast á við verðug og gefandi verkefni. Viðkomandi sækist eftir því að læra enn meira, trúir því að framlag hans/hennar skipti máli og einblínir á lausnir fremur vandamál.

- Reynsla af endurskoðunarverkefnum…
- … eða af bókhaldi, uppgjörum, skattaframtalsgerð og tengdum verkefnum
- Jákvætt hugarfar og uppörvandi framkoma
- Góð samstarfshæfni og vilji til að miðla öðrum
- Öguð vinnubrögð og skipulagshæfni

Hvað bjóðum við?
Við bjóðum þér áhugavert starf hjá nútímalegu fyrirtæki sem er hluti af PwC endurskoðunarkeðjunni, þeirri stærstu á sínu sviði í heiminum. Þú vinnur mikilvæg verk með góðu fólki og við tökum vel á móti þér.

- Góður starfsandi og tækifæri til að vaxa í starfi
- Fjölbreytt verkefni þar sem þitt frumkvæði nýtist
- Símenntun í alþjóðlegu og lærdómsríku umhverfi
- Sveigjanlegur vinnutími og áhersla á heilbrigða lífshætti

Umsóknir
Umsóknir óskast sendar Þórunni Auðunsdóttur, mannauðsstjóra, eða á www.pwc.com/is fyrir 6. október n.k. Nánari upplýsingar veitir mannauðsstjóri, thorunn.audunsdottir@is.pwc.com

PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki á sviði endurskoðunar, reikningsskila, fjármálaráðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar. Fyrirtækið er íslenskt en hluti af alþjóðlegri keðju sem er sú stærsta á sínu sviði í heiminum. PwC hefur það að markmiði að tryggja óhæði og trúverðugleika í störfum sínum og veita ávallt bestu faglegu þjónustu sem völ er á. Aðgengi er tryggt að nýjungum og þróun í þjónustu með markvissu innra starfi, endurmenntun og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Sterk staða fyrirtækisins byggist fyrst og fremst á afburða hæfileikum og reynslu starfsmanna. Mikið er lagt upp úr því að efla fólk í starfi og veita því brautargengi innan fyrirtækisins.

*connectedthinking

PRICEWATERHOUSECOOPERS

Verkefnalausnir

Verkefnalausnir óska eftir að ráða í eftirfarandi starf:

Starfsmann í bókhald og almenn skrifstofustörf - 50% starf.

Starfssvið: Færsla bókhalds, símsvörun, reikningagerð, undirbúningur námskeiða, pantanir á vörum.

Hæfniskröfur: Stúdentspróf eða sambærileg menntun, reynsla af skrifstofustörfum, haldgóð tölvuþekking, þekking og góð þekking á Navision ásamt góðri íslensku og ensku kunnáttu, góð samskiptahæfni, þolinmæði, jákvæðni og hæfni til að vinna sjálfstætt.

Um er að ræða tímabundið starf til eins árs.Vinnutími samkomulag. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir sendast merktar "skrifstofustarf" á verkefnalausnir@verkefnalausnir.is.

Umsóknarfrestur til 5.10.2008

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Störf í grunnskólum

Árbæjarskóli, Rofabæ 34, sími 411 7700
- Starfsmaður á bókasafn, 70-100% staða
- Kennari í upplýsingatækni frá 1.desember
- Stuðningsfulltrúi, 70% staða

Austurbæjarskóli, v/Vitastíg, sími 411 7200
- Kennari í 4.bekk, 75% starf

Borgaskóli, Vættaborgum 9, sími 577 2900
Raungreinakennari, 100% staða. Laus 15.október

Foldaskóli, Logafold 1, sími 540 7600
- Íþróttakennari frá áramótum, 100% starf
- Umsjónarkennari í 1.bekk, 100% starf
- Skólaliði, 50% starf, kl.12-16

Háteigsskóli, v/ Háteigsveg, sími 530 4300
- Kennari í 100 % starf, kennsla í 4.bekk og móttökudeild fyrir nýbúa

Korpuskóli, Bakkastöðum 2, sími 411 7880
- Kennari í 6-7 bekk, 50% starf

Laugalækjarskóli, v/Laugalæk, sími 588 7500
- Skólaliði, 100% staða

Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24, sími 411 7444
- Skólaritari, 100% staða

Seljaskóli, Kleifarseli 28, sími 411 7500
- Íþróttakennari fyrir stúlkur, afleysing frá 1. janúar 2009

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á **www.reykjavik.is/storf**. Þar er að finna frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti. Þar er einnig hægt að sækja um.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Getum alltaf bætt við okkur eldklárum, handlögnum, úrræðagóðum, þaulreyndum, gallhörðum, fluggáfuðum, sjóuðum, óhræddum, mannblendnum, röggsömum, sjálfstæðum, þrælduglegum, stundvísum, samviskusömum, kankvísum, smekklegum, heiðarlegum, mannlegum, kurteisum, bráðsnjöllum, hrífandi, snyrtilegum en þó umfram allt skemmtilegum starfskröftum.

VÉLASVIÐ KLETTAGÖRÐUM - ÞJÓNUSTUDEILDIR

Vélasvið HEKLU flytur inn og þjónustar m.a. eftirtalin vörumerki: Caterpillar vinnuvélar, aflvélar og sjóvélar, Scania flutningabíla, Caterpillar lyftara, Goodyear hjólbarða og Hiab krana. Boðið er upp á úrvals aðstöðu til viðgerða og viðhalds, gott tæknilegt umhverfi, ásamt miklum möguleikum á þjálfun og endurmenntun. HEKLA er stærsti sölu- og þjónustuaðili bíla og véla á Íslandi. Markmið HEKLU er að vera í fararbroddi hvað varðar þjónustu til viðskiptavina og markaðssetningu þeirrar vöru sem fyrirtækið selur og þjónustar.

Vinnuvélar/aflvélar

Starfsmenn í vinnuvélaþjónustu sinna almennri viðhaldsvinnu og viðgerðum á stórum og smáum Caterpillar vinnuvélum og/eða aflvélum. Óskað er eftir fagmenntuðum vélvirkjum, vélfræðingum, bifvélavirkjum eða viðgerðamönnum með reynslu.

Lyftarar

Starfsmenn í lyftaraþjónustu sinna almennri viðhaldsvinnu og viðgerðum á Caterpillar lyfturum. Óskað er eftir fagmenntuðum vélvirkjum eða viðgerðamönnum með reynslu.

Nánari upplýsingar veitir Sveinn Símonarson, þjónustustjóri vélasviðs, í síma 590 5152 eða í tölvupósti, svsi@hekla.is. Hægt er að senda inn umsókn og ferilsskrá til Valdísar Arnórsdóttur starfsmannastjóra á netfangið va@hekla.is eða á heimasíðu okkar.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

VAKI

Vaki er leiðandi fyrirtæki á sviði tæknibúnaðar fyrir fiskeldi í heiminum. Vörur Vaka eru þróaðar og framleiddar á Íslandi og seldar í yfir 40 löndum víðs vegar um heim. Vaki er með dótturfyrirtæki og 5 starfsmenn í Chile en starfsmenn eru alls 18 og velta ársins áætluð um 700 m.kr. sem er um 95% útflutningur.

www.vaki.is

Hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum að öflugum einstaklingi til þess að takast á við spennandi verkefni

Um er að ræða hönnun og uppbyggingu á hugbúnaði fyrir framleiðslustýringu fiskeldis, ásamt samtengingu tæknibúnaðar frá Vaka. Einnig viðbætur við núverandi hugbúnað.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða verkfræði
- Þekking á C#, Delphi, SQL
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir samskiptahæfileikar

Í boði er spennandi starf í líflegu, alþjóðlegu umhverfi.

Nánari upplýsingar:
Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 6. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Apótekið
lægra verð

Lyfjatæknir – Sölu- og afgreiðslufólk

Vegna vaxandi starfsemi getum við bætt lyfjatæknum og sölu- og afgreiðslufólki í apótek okkar í Reykjavík.
Störfin felast m.a. í ráðgjöf til viðskiptavina um vörur í verslun, afgreiðslu á kassa, ráðgjöf og afgreiðslu á lausasölulyfjum og afhendingu lyfja gegn lyfseðli.

Um er að ræða 70% – 100% störf. Í boði eru líflegir vinnustaðir, gott vinnuumhverfi og samkeppnishæf laun.
Við leitum að drífandi starfsfólki með ríka þjónustulund, söluhæfileika, góða tölvukunnáttu og getu til að vinna undir álagi. Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur.
Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu Lyfju, www.lyfja.is og hjá lyfsölum, Þorgils Baldurssyni, Apótekinu Hólagarði, (thorgils@apotekid.is) og Margréti Höskuldsdóttur, Apótekinu Skeifunni, (margretj@apotekid.is).
Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um störf hjá fyrirtækinu.

Tekið er við umsóknum á vefslóðinni www.lyfja.is

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 43792 09/08

Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

SECURITAS ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI

RAFIÐNAÐARMAÐUR

Vilt þú vinna í fjölbreyttu, skemmtilegu og hreinlegu umhverfi?
Á meðal verkefna eru myndavélakerfi, innbrota- og brunaviðvörunarkerfi og aðgangsstýri- og hússtjórnarkerfi, ásamt því að aðstoða viðskiptavini og tæknimenn í þjónustuveri.

Hæfniskröfur
- Sveinspróf í rafvirkjun, rafeindavirkjun eða símsmíði
- Almenn tölvukunnátta
- Enskukunnátta
- Þjónustulund og ánægja af samvinnu
- Áhugi á aukinni þekkingu í starfi

Nánari upplýsingar veitir Baldur Þór Gunnarsson þjónustustjóri.
Umsækjendur fylli út umsóknir á heimasíðu fyrirtækisins www.securitas.is eða sendi fyrirspurn á netfangið baldur@securitas.is.

Í boði eru samkeppnishæf laun og krefjandi störf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki með samhentan hóp starfsmanna. Lögð er áhersla á góð starfsskilyrði og möguleika starfsmanna til að vaxa og dafna með fyrirtækinu.

SECURITAS

Síðumúli 23 | 108 Reykjavík | 580 7000 | securitas.is

Slippurinn DNG

Slippurinn Akureyri ehf. óskar eftir að ráða eftirfarandi starfsmenn:

Tæknimaður
Óskum eftir öflugum tæknimanni
með kunnáttu á auto-cad

Rafeindavirki
Í DNG-deildina vantar okkur liðsauka vegna aukinna verkefna

Að auki vantar okkur vélstjóra,
vélvirkja, stálsmiði og verkamenn

Upplýsingar í síma 460 2900.
Umsóknir sendist á slipp@slipp.is

Slippurinn Akureyri ehf. - DNG - Naustatanga 2 - 600 Akureyri
Sími: 460 2900 - Fax: 460 2901 - www.slipp.is - www.dng.is

Ungbarnaleikskólinn Bjarmi

Leikskólinn Bjarmi í Hafnarfirði auglýsir laust til umsóknar starf leikskólakennara, ásamt starfsmanni í eldhús í 50% starfshlutfall. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Leikskólinn Bjarmi er nýr leikskóli sem rekinn er með þjónustusamningi við Hafnarfjarðarbæ. Leikskólinn er ungbarnaleikskóli fyrir börn á aldrinum 9 - 24 mánaða.
Starfað er samkvæmt starfsaðferðum Reggio Emilia og munu 24 börn dvelja í leikskólanum. Fyrsta skólaárið verður unnið þróunarstarf með áherslu á nám og umhyggju yngstu barna í leikskólum.

Hægt er að sækja um störfin á heimasíðu skólans http://www.leikskolinn.is/bjarmi
Einnig er hægt að senda umsókn ásamt starfsferilsskrá á netfangið bjargir@gmail.com

Nánari upplýsingar veita Helga Björg í síma 690 2709 og Svava Björg í síma 695 3089

Verkamenn

Verkamenn óskast til vinnu við gatna- og vegagerð á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar gefur Halldór í síma 821 1230 og Þórhallur í síma 821 1237.

GLAUMUR

» Ráðningarþjónusta

Verslunarstarf fullt starf og hlutastarf

Þekkt tískuverslun með vandaða og þekkta vöru, bæði dömu- og herrafatnað ásamt skóm og fylgihlutum leitar að þjónustulunduðum einstaklingum, með fágaða framkomu til starfa í verslun.

Um tvö stöðugildi er að ræða annars vegar fullt starf og er vinnutími frá kl. 10:00 til kl. 18:30 og hins vegar hlutastarf með vinnutíma frá kl. 12:00 til kl. 18:30 en einnig kemur til greina minna starfshlutfall með styttri vinnutíma.

» Starfssvið

- Almenn afgreiðsla
- Ráðgjöf og sala til viðskipavina

» Hæfniskröfur

- Vönduð framkoma · Rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Söluhæfileikar

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Ævintýri alla daga

Leikskólinn Klettaborg, Dyrhömrum 5 í Grafarvogi auglýsir eftir leikskólakennurum og/eða starfsfólki með aðra uppeldismenntun. Einnig er óskað eftir starfsfólki með menntun í listgreinum, s.s. myndlist eða tónlist.

Klettaborg er fjögurra deilda leikskóli þar sem unnið er með samskipti, sjálfstæði barnanna og eflingu sjálfsmyndar þeirra. Áhersla er lögð á gott og frjótt málumhverfi og að gleði, virðing og öryggi sé ríkjandi í samskiptum og umhverfi barnsins.

Verið velkomin í heimsókn í Klettaborg eða hafið samband við Lilju Eyþórsdóttur, leikskólastjóra í síma 567-5970 eða 693-9884. klettaborg@leikskolar.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið
www.leikskolar.is

Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

Starf við lyfjablöndun

Í starfinu felst:
- Uppvigtun hráefna
- Blöndun og frumvinnsla hráefna
- Samsetning á vélum
- Skjalfesting

Hæfniskröfur:
- Við leitum að einstaklingum sem búa yfir hæfni til að tileinka sér starfsemi á sérhæfðum vélbúnaði
- Reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði er kostur
- Iðnmenntun eða sambærileg menntun er kostur

Vinnutími:
- Um er að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum. Unnið er viku í senn á dag- og kvöldvöktum og sjöttu hverja viku á næturvöktum.

Starf við lyfjapökkun

Í starfinu felst:
- Pökkun á töflum í glös og þynnur
- Þrif á pökkunarvélum og pökkunarsvæði
- Eftirlit með pökkunarlínum
- Stillingar og breytingar á tækjabúnaði
- Skjalfesting
- Sýnataka
- Merkingar á vörum til útflutnings

Hæfniskröfur:
- Stúdentspróf, iðnmenntun eða sambærileg menntun er kostur
- Nákvæmni og vandvirkni
- Hæfni til að tileinka sér starfsemi flókins vélbúnaðar er kostur

Vinnutími:
- Um er að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum. Unnið er viku í senn á hverri vakt 5 daga vikunnar og 4 daga þegar um er að ræða næturvaktir.

Actavis veitir starfsmönnum sínum árlega styrki til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks. Við höfum gott mötuneyti og öflugt starfsmannafélag auk þess sem ein af líkamsræktarstöðvum World Class er í húsakynnum Actavis að Dalshrauni 1.

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:
- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu, því í sameiningu komumst við lengra en við getum ein
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur nægan sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Nánari upplýsingar veitir **Jenný Sif Steingrímsdóttir, jsteingrimsdottir@actavis.is**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir **Störf í boði** fyrir **5. október nk.**

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Starf hjá Búsetu- og stuðningsþjónustu fyrir geðfatlaða

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis óskar eftir að ráða starfsmann í Búsetu- og stuðningsþjónustu fyrir geðfatlaða, Gunnarsbraut 51.

Ert þú starfsmaðurinn sem við leitum að ? Við erum að leita að öflugum liðsmanni í hóp frábærra starfsmanna og íbúa Búsetu- og stuðningsþjónustunnar sem getur tekið þátt í uppbyggingu á metnaðarfullu starfi með geðfötluðum.

Helstu verkefni:
- Starfið felst m.a. í því að hvetja, styðja, leiðbeina eða örva íbúa við þau markmið sem þeir hafa sett sér í daglegu lífi með það að leiðarljósi að íbúar geti tekið aukinn þátt í samfélaginu á eigin forsendum og þurfi sem minnst á stofnanadvöl að halda.
- Við vinnum eftir VSL aðferðafræðinni; virkjum, styðjum og leysum.
- Boðið er upp á stuðning og þjálfun í starfi, vaktavinnu, fjölbreytt verkefni og þátttöku í þróunarstarfi tengdu þjónustu við geðfatlaða.

Hæfniskröfur:
- Æskilegt er að umsækjandi hafi lokið félagsliðanámi eða hafi menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi.
- Mikið er lagt upp úr góðum samskiptahæfileikum, jákvæðni, þjónustulund og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veita Ásta Kristín Benediktsdóttir, forstöðumaður og Soffía Dagbjört Jónsdóttir, deildarstjóri í síma 562-0081 eða á netfangið asta.kristin.benediktsdottir@reykjavik.is eða soffia.dagbjort.jonsdottir.@reykjavik.is

Umsækjendur er bent á að sækja um starfið á heimasíður Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf **fyrir 14. október nk.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

ÍSHLUTIR
www.ishlutir.com

Vélaviðgerðarmaður

Íshlutir ehf óska eftir starfsmanni, vönum þungavinnuvélaviðgerðum og líkum tækjum á vélaverkstæði. Þekking og reynsla í viðgerðum á rafmagns og vökvakerfum æskileg.

Leitað er að kröftugum einstaklingi með ríka þjónustulund og tilbúin að takast á við krefjandi verkefni auk ferðalaga. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar gefur Samúel Sigurðsson
í síma: 575 2400 og 693 3213 eða
atvinna@ishlutir.com

Íshlutir ehf Völuteig 4 270 Mosfellsbæ
Sími: 575 2400.

LAZY TOWN

EMPLOYEE IN BRAND MANAGEMENT

LazyTown is looking to hire an employee for its brand management department, long term, starting in October.

Responsibilities:
Reviewing product submissions and registering them into the LazyTown database.
Communicating with licensees and agents internationally.

Abilities:
Fluent written & spoken English language. Spanish is preferred but not mandatory.
Knowledge of Microsoft Office and Adobe Photoshop.
The person must be able to work independently and be very accurate.

Send a CV before October 6th to:
Ágúst Freyr Ingason - agust@lazytown.com

www.lazytown.com

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Félagsstarf aldraðra, Gjábakka
- Starfsmaður í eldhús 65%

Félagsþjónusta Kópavogs:
- Starfsmaður frístundaheimilis fyrir börn og unglinga með sérþarfir
- Aðstoð við heimilisstörf
- Liðveisla, tilsjón og persónuleg ráðgjöf
- Liðveisla, tvö hlutastörf
- Barnavernd, tilsjón

Roðasalir – sambýli og dagþjálfun
- Starfsmenn í dagþjálfun

ÍTK – Íþrótta- og tómstundaráð
- Fönix , félagsmiðstöð, frístundaleiðbeinandi

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS

Hörðuvallaskóli:
- Starfsmenn í Dægradvöl 50%-70%

Kársnesskóli:
- Gangavörður/ræstir 100%
- Matráður starfsmanna

Salaskóli:
- Forfallakennari í ensku og stærðfr. í unglingadeild

Snælandsskóli:
- Gangavörður/ræstir 100% starf

Vatnsendaskóli:
- Starfsmaður í Dægradvöl
- Stuðningsfulltrúi 50%
- Skólaliði 50%

www.kopavogur.is og job.is

Rio Tinto Alcan

Flokksstjóri í mötuneyti

Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða flokksstjóra til að sinna fjölbreyttum störfum í mötuneyti fyrirtækisins.

Starfssvið
- Skipulagning daglegrar vinnu í samráði við verkstjóra
- Umsjón með kaffiveitingum
- Umsjón með þrifum
- Önnur tilfallandi störf
- Vinnutíminn er frá 08.00-16.00

Hæfniskröfur
- Reynsla af starfi í mötuneyti skilyrði
- Hæfileiki til að leiða og stjórna hóp
- Þjónustulipurð og jákvæði
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi og góðir samskiptahæfileikar
- Almenn tölvuþekking kostur

Nánari upplýsingar veitir Björk Guðbrandsdóttir, verkstjóri í mötuneyti, í síma 560 7134.
Umsóknarfrestur er til og með 5. október 2008.

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.
Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum.
Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Hægt er að sækja um á heimasíðu okkar, www.riotintoalcan.is

Alcan á Íslandi, Straumsvík, 222 Hafnarfjörður. Sími 560 7000

ÍSHLUTIR
www.ishlutir.com

Járniðnaðarmaður

Íshlutir ehf óska eftir starfsmanni í járnsmíði

Leitað er að kröftugum einstaklingi með ríka þjónustulund og tilbúin að takast á við krefjandi verkefni.
Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar gefur Samúel Sigurðsson í síma: 575 2400 og 693 3213 eða atvinna@ishlutir.com

Íshlutir ehf Völuteig 4 270 Mosfellsbæ
Sími: 575 2400.

50% starfshlutfall.

- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og nákvæmni
- Hæfni í mannlegum samskiptum

SUBWAY

Skrifstofustarf hjá Stjörnunni ehf.

Starfið felst í bókun uppgjöra frá verslunum, bókun fylgiskjala auk annara tilfallandi verkefna.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 5. október.

Nánari upplýsingar veitir Anna Gyða í síma 530 7004. Umsóknir sendist á annagyda@subway.is

---

kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA

Kokkarnir veisluþjónusta

Við leitum eftir manneskju í afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Við leitum af manneskju með mikinn áhuga á mat og matargerð og hafi gaman af mannlegum samskiptum. Vinnutími byrjar milli 10-11 og stendur til 18-19 og annan hvern laugardag.

Einnig vantar aukafólk seinnipart viku.

Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17.

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Norræna félagið
STOFNAÐ 1922

NORRÆNA FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI LEITAR AÐ KRAFTMIKLUM FRAMKVÆMDASTJÓRA TIL AÐ STÝRA REKSTRI FÉLAGSINS NÆSTU ÁRIN

Helstu verkefni eru:
- Að stjórna og bera ábyrgð á fjármálastjórn og rekstri félagsins, starfsmannamálum, verkefnastjórnun og kynningarmálum
- Að hafa frumkvæði að nýjum verkefnum félagsins og stýra viðburðum á þess vegum
- Að annast samskipti við systurfélög á hinum Norðurlöndunum og skrifstofu Sambands Norrænu félaganna og hafa umsjón með samnorrænum fundum fyrir Íslands hönd
- Að hafa umsjón með fundum stjórnunarstofnana félagsins og vinna náið með formanni og framkvæm dastjórn að framgangi félagsins

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð, ásamt hæfileika til að vinna undir álagi
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Fáguð framkoma, framúrskarandi þjónustulund og mikil lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli, bæði í rituðu og töluðu máli.
- Áhugi á Norræna félaginu og norrænu samstarfi

Umsóknir ásamt ítarlegri ferilsskrá sendist til Norræna félagsins, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík, eigi síðar en 20. október nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar tekin hefur verið ákvörðun um ráðningu. Nánari upplýsingar um starfið gefur Esther Sigurðardóttir, s. 861 3081.

Norræna félagið var stofnað árið 1922 til að efla samstarf og vináttutengsl Íslendinga og annarra Norðurlandabúa og er sú hugsjón hið fasta leiðarljós félagsins. Norræna félagið starfar í 30 félagsdeildum um allt land. Starf félagsdeilda er mjög fjölbreytt, en víða er kjölfesta deildanna norrænt vinabæjasamstarf, ungmennaskipti, viðburðahald og samstarf við viðkomandi sveitarfélag um norræn verkefni. Norræna félagið er gamalgróið félag í stöðugri endurnýjun og vexti og fjölgar meðlimum jafnt og þétt. Skrifstofa Norræna félagsins á Íslandi veitir félagsmönnum og öllum almenningi góða og faglega þjónustu og upplýsingar um Norðurlönd og norrænt samstarf. Starfsfólk skrifstofunnar og félagskjörnir fulltrúar sinna fjölbreyttum verkefnum sem öll hafa að markmiði að styðja við samstarf Norðurlanda á fjölmörgum sviðum. Norræna félagið á Íslandi starfar náið með systurfélögum annars staðar á Norðurlöndunum. Samstarfsvettvangur félaganna nefnist Samband Norrænu félaganna / Foreningerne Nordens Forbund og er skrifstofa þess staðsett í Málmey í Svíþjóð. Skrifstofa Norræna félagsins á Íslandi er við Óðinstorg í Reykjavík. Nánari upplýsingar á norden.is.

KÓPAVOGSBÆR

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS

Kynnið ykkur launakjör í leikskólum í Kópavogi

Álfatún: 564 6266
- Deildarstjóri sem fyrst
- Leikskólakennari
- Sérkennsla sem fyrst

Baugur: 570 4350
- Leikskólakennarar
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi v/sérkennslu

Fífusalir: 570 4200
- Leikskólakennarar
- Leikskólakennari - myndlist, tónlist
- Leikskólakennari – íþróttasalur
